

sjálf gjörst bóndakona. Hún bjó sér þessar kringumstæður, skemtanalausar, án als munaðar og þæginda. Hún hafði bakað sér sjálf erfiðra kjara.—Og hún elskaði hann enn þá. Hún var orðin fátæklings kona, með húfu og í ullarskyrtu. Nú sat hún í reyrstól við plankaborð og neytti súpu úr jarðeplum, káli og feitmeti, og svaf á heydýnu við hlið hans.

Hún hafði aldrei hugsað um annað en hann. Aldrei sakaði gimsteinanna sinna, skrautbúninganna, glaums eða gleði samkvæmanna, ilmloftsins í skrautbúnum herbergjum, né mýkinda dúnsængurinnar, sem líkami manna sekkur ofan í til hvíldar. Hún hafði aldrei óskað sér annars en að dvelja hjá honum; væri hann hjá henni, krafðist hún einkis frekara.

Á unga aldri yfirgaf hún lífsglauminn og heiminn og þá, sem höfðu alið hana upp og elskað. Alein var hún komin með honum inn í þenna eyðidal. Og hann hafði verið henni allt,—uppfylling óska hennar og drauma, allra vonanna hennar og óslökkvandi þrár. Hann hafði stráð æfibraut hennar hamingju og lífssælu frá upphafi til enda.

Hún hefði ekki getað verið hamingjusamari.

Og alla nóttina, meðan eg hlustaði á hinn hása andardrátt gamla hermansins, sem hvíldi í rúmi sínu við hlið hennar, er búin var að fylgja honum svo langan veg,—hugsaði eg um þetta markverða og einfalda atvik, um þeirra fullkomnu hamingjusemi, bygða á svo fátæklegum lífskjörum.

Og um morguniun fór eg þaðan, og tók að skilnaði í hendur gömlu hjónanna með þakklæti fyrir gistinguna.“

Sögumaðurinn þagnaði. En kona ein tók til máls:

„En hvað sem öðru líður, þá hefir hún haft hugsjónir, sem of hægt var að fullnægja, of barnalegar kröfur til lífsins, og of fátæklegar eftirlanganir. Hún hlýtur blátt áfram að hafa verið flón!“

Önnur hvíslaði í hálfum hljóðum: „Hvað kemur það málinu við? Hún var hamingjusöm“. — — —

Og út við sjóndeildarhringinn var Korsíka hægt og hægt að hverfa inn í næturhúmið og ofan í bylgjurnar aftur.